

38 Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir suðuramtinu og vesturamtinu um
20. febr. endurgjald á sveitarstyrk. — Með þóknanlegu brjefi, dags. 6. p. m., hafði þjer, herra
amtmaður, sent mjer erindi hreppsnefndarinnar í Suðurfjarðahreppi, dags. 22. nóv. f.
á., ásamt fleiri skjölum, og áfrýjar hreppsnefndin til mín í erindi þessu úrskurði yðar
20. ágúst f. á., er staðfestir úrskurð sýslumannsins í Barðastrandarsýslu 7. sept. 1886,
en með honum er ofanefndum hreppi gjört að skyldu að endurgjalda Barðastrandar-
hreppi sveitarstyrk að upphæð 36 kr., er Vigdís nokkurri Jónsdóttur var lagður af síðar-
nefndum hreppi veturinn 1885 - 86.

Með því að jeg er samdóma yður um að ofanefndur úrskurður sýslumannsins
í Barðastrandarsýslu sje á rökum byggður, staðfestist hann hjer með í öllum greinum¹,
og bið jeg yður hlutast til um, að Suðurfjarðahreppur dragi eigi lengur að endurgjalda
Barðastrandahreppi hinar umpráttuðu 36 kr.

39 Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir suðuramtinu og vesturamtinu um
20. febr. endurgjald á sveitarstyrk. — Með þóknanlegu brjefi, dags. 7. p. m. hafði þjer, herra
amtmaður, sent mjer erindi hreppsnefndarinnar í Nauteyrahreppi í Ísafjardarsýslu, dags.
20. okt. f. á. ásamt brjefi sýslumannsins í Ísafjardarsýslu, dags. 14. nóv. f. á., og fleiri
skjölum, og áfrýjar tjeð hreppsnefnd í greindu erindi til mín úrskurði yðar, dags. 22.
ágúst 1887, er skyldar Nauteyrahrepp til að greiða Hólshreppi í Ísafjardarsýslu styrk
lagðan Friðriki nokkrum Ólafssyni, sveitlögum í Nauteyrahreppi, að apphæð 216 kr.

Sveitarstyrkur sá, er þjer þannig hafði úrskurðað Hólshreppi endurgjald á, tjá-
ist mestmegnis hafa gengið til að útvega Friðriki lögskipaða uppfræðslu, og þó að til-

1) Úrskurður sýslumannsins, dags. 7. sept. 1886, var svo hljóðandi:

„Eptir að hreppsnefnd Barðastrandahrepps hafði 5. desember síðastl. veitt Vigdís Jónsdóttur
og 2 óskilgetnum börnum hennar bráðabirgðastyrk úr sveitarsjóði, að upphæð 36 kr., og síðan 2.
janúar þ. á. hafði tilkynnt hreppsnefnd Suðurfjarðahrepps, þar sem nefnd Vigdís er sveitlæg, þetta,
og skorað á hana að veita nefndri Vigdís og börnum hennar móttöku. og að endurgjalda styrk þann,
er hjer ræðir um, hefur hreppsnefnd Suðurfjarðahrepps neitað að endurgjalda nefndan bráðabirgða-
styrk og hafa síðan báðir málspartar skotið til úrskurðar míns, hvort hreppsnefnd Suðurfjarðahrepps
beri að endurgjalda fyrnefndan bráðabirgðastyrk.

Af skjölum máls þessa sjest, að hreppsnefnd Suðurfjarðahrepps hefur neitað að endurgjalda
hjernefndan fátækrastryrk vegna þess, að henni gafst eigi kostur á að játa hreppshelgi Vigdísar fyren
ofanefnt brjef Barðstrendinga, dags. 2. janúar þ. á. barst nefndinni 19. febrúar næst á eptir, þó það
væri innan handar að tilkynna henni það strax sem Vigdís þessi varð styrksþurfi. Á hinn bóginn
hefur hreppsnefnd Barðastrandahrepps upplýst, að Vigdís var þunguð og ól barn 25. desbr. síðastl.,
og var því ekki flutningsfær til sveitar sinnar.

Með því að bráðabirgðastyrkur sá, er hjer ræðir um, hefur verið veittur 5. desember síðastl.,
en þá var hjernefnd Vigdís nálega komin að barnsburði og því ekki flutningsfær. og með því að
hreppsnefnd Barðastrandahrepps skömmu eptir að barnið var alið, nefnilega 2. janúar þ. á. hefur gefið
Suðfirðingum þetta til kynna, virðist hreppsnefnd Barðastrandahrepps ekki að hafa vanrækt skylðu
sína í því tilliti. þar sem hún sjálfsagt ekki gat gjört þetta áður en styrkurinn var veittur, og fæ jeg
ekki betur sjeð, en að hreppsnefnd Suðurfjarðahrepps beri að endurgjalda hreppsnefnd Barðastrand-
ahrepps bráðabirgðastyrk þann, 36 kr. sem veittur hefur verið Vigdís Jónsdóttur og börnum hennar
úr sveitarsjóði Barðastrandahrepps í síðastliðnum desembermánuði.

Er því hjermeð skorað á hreppsnefnd Suðurfjarðahrepps að endurgjalda sem allrafyrst hrepps-
nefnd Barðastrandahrepps optumræddan fátækrastryrk 36 kr.

raunir Hólshrepps í þessa átt virðist hafa orðið árangurslitlar, verður þó upphæð styrksins eigi vefngd eptir því sem fram er komið í málinu. En þar sem nokkur hluti styrksins eða 116 kr., stafar frá árunum 1882 og 1883, eptir því sem talið er í reikningi þeim frá Hólshreppi, er málinu fylgir, og hreppsnefndin þar eigi tilkynnti hreppsnefnd Nauteyrarhrepps um styrkveitinguna fyr en með brjefi 26. febr. 1884, og hefur þó engar ástæður fært til, er rjettlæti þennan drátt, þá álit jeg rjett að taka til greina kröfu Nauteyrarhrepps um að hann þurfi eigi að endurgjalda þann hluta styrksins, er veittur hefur verið árin 1882 og 1883 eptir reikningnum eða 116 kr.

Er því úrskurði yðar, er að ofan er nefndur, breytt þannig, að Nauteyrarhreppi beri að endurgjalda Hólshreppi 100 kr. af sveitarstyrk veittum Friðriki Ólafssyni til þess er hann 1885 var fluttur á sveit sína, og skal þjónustusamlega skorað á yður að leggja fyrir hreppsnefnd Nauteyrarhrepps að greiða endurgjald þetta af hendi tafarlaust.

Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir suðuramtinu og vesturamtinu um 40
endurgjald á sveitarstyrk. — Með þóknanlegu brjefi dags. 6. p. m. hafið þjer, herra 20. febr. amtmaður, sent hingað brjef sýslumannsins í Kjósar- og Gullbringusýslu, dags. 25. f. m., og þar með fylgjandi erindi hreppsnefndarinnar í Seltjarnarneshreppi, dags. 28. des. f. á., þarsem áfrýjað er til mín úrskurði yðar, dags. 29. okt. f. á., er skyldar tjeðan hrepp til að greiða Gnúpverjahreppi í Árnessýslu 508 kr. 76 a., sem endurgjald á sveitarstyrk veittum þar á árunum 1875—1886 fráskilinni konu Guðlaugu Guðmundsdóttur, sem viðurkennd er sveitlæg í Seltjarnarneshreppi. Sömuieidis fylgdu nefndu brjefi yðar eldri skjöl málsins 25 að tölu.

Samkvæmt skjölum máls þessa hefur ofanefnd Guðlaug Guðmundsdóttir þegið styrk af fátækrafje Gnúpverjahrepps á árunum 1875—85 eða til fardaga 1885 að upphæð 448 kr. 76 a. Fardagaárið 1885—86 var henni lagt, eins og nokkur árin á undan hafði átt sjer stað, 5 fiskar um vikuna eða í peningum 75 kr. 40 a, og 1886—87 sömuieidis 5 fiskar á viku eða 74 kr. 10 a.

Þjer hafið nú, herra amtmaður, álitid, að Gnúpverjahreppi bæri að endurgjalda fyrstnefnda upphæð, 448 kr. 76 a., og auk þess sem meðgjöf með Guðlaugu árið 1885—86 60 kr., en þá upphæð kvaðst hreppsnefnd Seltjarnarneshrepps í brjefi hennar til hreppsnefndarinnar í Gnúpverjahreppi, dags. 5. desbr. 1885 hafa »ákveðið að leggja» Guðlaugu fardagaárið 1885—86, en fyrir árið 1886—87 skyldi Gnúpverjahreppur að álitu yðar ekkert endurgjald fá, með því að hann hefði eigi þrátt fyrir áskorun Seltjarnarneshrepps flutt Guðlaugu þangað vorið 1886 og vanrækt að sanna með læknisvottorði, að hún ekki hafi verið flutningsfær fyr en vorið 1887, þegar hún var flutt á hrepp sinn.

Jeg get ekki verið yður samdóma í úrslitum þeim, er málið þannig hefur þengið hjá yður. Í fyrsta lagi er það, að það sjest ekki neinn vottur þess í málinu, að hreppsnefnd Gnúpverjahrepps hafi, þó Guðlaug væri farin að þiggja af sveit, gjört sjer far um að grennslast eptir, hver væri framfærsluhreppur hennar, til þess að geta tilkynnt honum um styrkveitingarnar, fyr en 24. maí 1883 að sýslumaður sjest hafa hafa haldið próf yfir Guðlaugu um verustaði hennar þangað til, en það sjest eigi hvenær hreppsnefndin hefur beiðst prófs þessa af sýslumanni. Þessi nærfellt 6 ára langi dráttur á að gjöra